


ALCAN á Íslandi
Straumsvík
Pósthólf 244
220 Hafnarfjörður



Reykjavík, 12. júní 2014
Tilvísun: UST20140600039/he

Losunarmörk flúorkolefna (PFC) í starfsleyfi RioTinto Alcan

Í grein 2.8 í starfsleyfi RioTinto Alcan er kveðið á um að losun flúorkolefna skuli að jafnaði vera innan við 0,14 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn af áli frá og með fjórða framleiðsluári hverrar framleiðslulína. Nú ber RioTinto Alcan að skila árlega skýrslu yfir losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum, nr. 70/2012, um loftlagsmál. Þar er meðal annars tekið á losun flúorkolefna. Í 3. mgr. 9. gr tilskipunar 2008/1/EB er tekið fram að þar sem tekið er á losun gróðurhúsalofttegunda hjá starfsemi sem eru tilgreind er í viðauka I við tilskipun 2003/87/EC skuli losunarmörk ekki tilgreind í starfsleyfi tiltekinnar starfsemi nema að til að koma í veg fyrir staðbundna mengun vegna losunar flúorkolefna.

Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif losunar flúorkolefna fyrst og fremst hnattræn og því ekki ástæða til að taka á losun þeirra í starfsleyfi. Skýrslugjöf vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS) helst óbreytt.

Virðingarfyllt

Halla Einarisdóttir
Halla Einarisdóttir
Sérfræðingur

Sigrún Agúsdóttir
Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis
Samál